

Reykjavík, 2. mars 2016

Til stjórnar SSH

### **Erindi: Umsögn um GERT verkefnið**

Skólamálanefnd SSH fjallaði um GERT verkefnið á fundi sínum 1. mars 2016. Nefndin telur að verkefnið sé vel til þess fallið að auka áhuga, árangur og námstækifæri nemenda á sviði raunvísinda og tækni.

Nefndinni er hins vegar ekki kunnugt um hversu margir grunnskólar á starfssvæði SSH eru virkir aðilar að þessu verkefni og erfitt um vik að átta sig á hvernig það í raun hefur nýst nemendum á höfuðborgarsvæðinu til þessa.

Ef vel er að verki staðið er verkefnið líklegt til að styrkja þann þátt skólastarfs sem stendur hvað veikustum fæti í grunnskólanum (raunvísindi og tækni). Áætluð tengin verkefnisins við símenntun og starfsþróun kennara er mikilvæg. Nefndin tekur undir með verkefnisstjórn að mikilvægt sé fyrir framgang verkefnisins að ráðinn sé verkefnisstjóri sem drífi verkefnið áfram.

Nefndin minnir á að þetta verkefni tengist vel áherslum SSH um skóla í fremstu röð þar sem eitt af viðfangsefnum 2015 var að leita leiða til að gera bráðgerum nemendum hátt undir höfði. Var þar sérstaklega nefnt að standa fyrir vísinda- og tækniþúðum fyrir þá nemendur. Gætið umsjón þess verkefnis fallið vel að starfssviði verkefnisstjóra GERT.

Fyrir hönd skólamálanefndar SSH

Helgi Grímsson